



Ársskýrsla Beta-deildar 2006–2007

Stjórn deildarinnar skipa:

María Steingrímsdóttir formaður

Eygló Björnsdóttir varaformaður

Selma Hauksdóttir ritari

Anna Jóhannesdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Með stjórninni starfar fráfarandi formaður Halldóra Haraldsdóttir

Stjórnarskipti voru á árinu er þetta því fyrra ár sitjandi stjórnar.

Á haustfundi Betadeildar 2006 voru lögð drög að starfsáætlun deildarinnar til tveggja ára. Á dagskrá starfsársins voru sjö fundir og er meginþema áætlunarinnar *nýir straumar og stefnur í skólamálum* auk þess að halda áfram að styrkja okkur sjálfar og að efla samkennd í hópnum. Starfið í vetur hefur því tekið mið af þessum málaflokkum auk undirbúnings fyrir afmæli landssambandsins og afmæli Betadeildar. Starf félagskvenna í nefndum til undirbúnings afmæla hefur verið mikið og gott hópefli fyrir deildina. Hér má nefna að lokafundur okkar verður á afmælisdegi deildarinnar þann 2. júní nk.

Í vetur hefur dagskrárliðurinn „orð til umhugsunar“ verið með sömu yfirskrift og sl. vetur þar sem kynntar eru konur af félagssvæðinu sem hafa látið að sér kveða með einum eða öðrum hætti. Þetta hefur verið afar skemmtilegur liður í dagskrá okkar og hafa félagskonur veitt okkur innsýn í líf og störf margra merkra kvenna. Á heimasíðu okkar má lesa nokkra af þeim pistlum sem fluttir hafa verið á fundum.

Vetrarstarfið hófst með fundi þann 26. september. Gestgjafar okkar voru Betasystur í S-Þingeyjarsýslu og ókum við Akureyrarkonur austur í Reykjahverfi í S-Þingeyjarsýslu þar sem fundurinn var haldinn. Á leiðinni nutum við fagurra haustlita íslenskrar náttúru. Á þessum fundi var vetrarstarfið rætt og línur lagðar að framlagi okkar á afmælisárinu mikla. Á fundinum voru tveir nýir félagar teknir inn í Betadeild.

Októberfundurinn var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri. Meginviðfangsefni fundarins var skólastefna Akureyrarbæjar. Gestur fundarins var Gunnar Gíslason skólafulltrúi Akureyrarbæjar, sem kynnti skólastefnu bæjarins sem

samþykkt var sl. vor. Yfirskrift hennar er *Skólinn okkar; þekking, leikni, virðing, vellíðan*. Þetta er mjög metnaðarfull stefna sem nær til leik-, grunn- og tónlistarskóla. Margar nýjar áherslur koma þar fram sem stuðla að því að gera góða skóla enn betri vinnustaði fyrir nemendur og starfsmenn.

Í síðustu viku nóvember var jólafundur haldinn í húsi Verkmenntaskólans á Akureyri. Jólahefðir í ólíkum menningarsamfélögum hefur verið meginviðfangefni jólafunda undanfarin ár og var svo einnig nú. Á þennan fund kom Giorgio Barucello, dósent við Háskólann á Akureyri og fræddi hann okkur um jólasíði sem hann ólst upp við í heimalandi sínu, Ítalíu. Á jólafundum hefur skapast hefð fyrir sameiginlegri jólamáltíð, að vanda var þarna glæsilegt jólahlaðborð og nutum við veitinganna í fagurlega skreyttum sal Verkmenntaskólans.

Sá siður hefur verið í Betadeild að halda alltaf hinn hefðbundna bókafund á heimili einhverrar félagskonu og þann 18. janúar var hann haldinn á heimili formanns deildarinnar. Fundarkonur kynntu áhugaverðar bækur og greinilegt var að Betakonur voru vel lesnar. Fjöldi bóka var kynntur og bókalisti skráður og gefur hann yfirsýn yfir bækur úr öllum flokkum bókmenntanna. Lista yfir bækurnar má sjá á heimasíðu Betadeildar.

Fundur deildarinnar þann 18. mars var haldinn í Glerárskóla. Á þeim fundi flutti Ingibjörg Auðunsdóttir, Betasystir, okkur fróðlegt erindi sem fjallaði um samstarf heimilis og skóla og var byggt á rannsókn sem hún gerði í tengslum við meistaraþrófsritgerð sína. Mjög fróðlegt erindi sem vakti okkur til umhugsunar um þennan mikilvæga málaflokk í skólastarfi.

Fundurinn 25. apríl var síðasti hefðbundni fundur vetrarins. Loka undirbúningur fyrir landsþing og afmæli Betadeildar fór fram á þessum fundi, sem haldinn var í Giljaskóla. Aðalefni fundarins var þó bókmenntalegs eðlis. Undanfarin ár hefur það verið liður í sjálfstyrkingu okkar að styrkja okkur sjálfar í greinandi umfjöllun um bækur. Í því skyni höfum við valið bækur til að lesa og myndað leshringi og rætt þær undir stjórn góðra Betasystra. Í ár var ákveðið að við kynntum okkur skáldskap Arnaldar Indriðasonar og á fundinn fengum við Kristínu Árnadóttur íslenskukennara í Verkmenntaskólanum á Akureyri til að fræða okkur um sérkenni bóka Arnaldar, þó einkum þær bækur sem fjalla um lögreglumanninn Erlend og félag hans. Erindi sitt byggði hún á meistaraþrófsritgerð sinni um Arnald og bækur hans. Erindið nefndi hún „*Af hverju er Erlendur svona leiðinlegur?*“. Þetta var afar

skemmtilegt og fróðlegt erindi og eftir þennan fyrirlestur sáu margar félagskonur fléttur bókanna og einkenni og tengsl persóna í nýju ljósi.

Lokafundur, sem jafnframt er afmælisfundur deildarinnar fer fram 2. júní. Betakonur hafa ákveðið að halda veglega upp á afmælið og hefur því verið skipulögð dagskrá fyrir allan daginn. Dagskráin hefst með léttum hádegisverði þar sem Betadeild ætlar að veita konu viðurkenningu fyrir framlag hennar til barnamenningar.

Á tímamótum deildarinnar, þ.e. á tuttugu, og tuttugu og fimm ára afmælum hennar, hefur konum á starfsvæði deildarinnar sem þótt hafa skara framúr á vettvangi fræðslu eða menningarmála verið veittar viðurkenningar. Að hádegisverði loknum munum við leggja af stað með rútu austur í Þingeyjasýslu og til Húsavíkur þar sem við ætlum að skoða söfn og að lokum að borða saman kvöldverð. Við erum svo lánsamar í Betadeild að meðal félagskvenna eru lærðir leiðsögumenn og ætlar ein þeirra að taka að sér fararstjórn og leiðsögn í ferðinni. Við vonumst til þess að þessi dagur verið hinn ánægjulegasti og efli samkennd í hópnum.

Auk viðfangsefna sem þegar hafa verið talin upp höfum við aflað fjár á hefðbundinn hátt í formi happdrættis þar sem safnað er í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Enn fremur má geta þess að á fyrsta fundi haustsins var ákveðið að í vetur greiddum við aukaframlag til deildarinnar að upphæð 1000 kr. til að vera undirbúnað fyrir meiri útgjöld þetta starfsár vegna afmælisársins. Í vetur eins og sl. vetur hefur lítil pyngja gengið á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að vorfundi loknum verður UNICEF færður sjóðurinn.

Að lokum er gaman að segja frá því að mjög góð mæting hefur verið á fundi og óhætt að segja að konur í Betadeild séu virkar og tilbúnaðar að vinna að verkefnum samtakanna. Áhersla er lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu en auk þess á deildin fulltrúa í landssambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum.

Til viðbótar við starfandi nefndir eru starfandi gagnanefnd og myndanefnd og hefur starf þessara nefnda komið að miklu gagni við undirbúning á afmælisári. Eygló Björnsdóttir var kjörin til þess að hafa umsjón með heimasíðu deildarinnar og hefur hún einnig starfað með landsambandsstjórn að uppsetningu og skipulagi á nýrri heimasíðu samtakanna á Íslandi.

Betadeild á fulltrúa í landssambandsstjórn; Rósa Kr. Júlíusdóttir situr í stjórn sem fráfaraðandi landssambandsforseti, Helga Thorlacius er ritari landssambandsins,

Anna Þóra Baldursdóttir er 2. varaforseti landssambandsins og hún er formaður námsstyrkjasjóðs sambandsins. Betadeild sendi tilnefningar að beiðni uppstillingarnefndar til stjórnar landsambands og var Anna Þóra Baldursdóttir tilnefnd sem næsti landsambandsforseti, Ingibjörg Auðunsdóttir var tilnefnd í uppstillingarnefnd og Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir í fjárhagsnefnd.

Að lokum má geta þess að efni frá Betadeild er að finna á nýrri heimasíðu samtakanna á slóðinni <http://dkgmuna.is/?mod=forsida&sport=betadeild>

Fleira segir ekki af starfi Betadeildar þetta starfsár.

Fyrir hönd Betadeildar
María Steingrímsdóttir formaður.